

arsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

76

26. marz

## 93. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfun, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 26. marz 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**AUGLÝSING**

77

3. apríl

um breyting á skipulagsskrá fyrir Snorrasjódð 1930, nr. 99/1931.

## 1. gr.

4. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands, sparissjóði hans og verðbréfum, ef eigi er vænlegra fyrir efling sjóðsins að ávaxta hann í öðrum ríkistryggðum verðbréfum.

Búnaðarbankinn hefur á hendi reikningshald sjóðsins, honum að kostnaðarlausu.

## 2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðherrann, 3. apríl 1945.*

**Ólafur Thors.**

*Birgir Thorlacius.*

**AUGLÝSING**

78

9. apríl

um skömmtun á benzíni.

## 1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínsskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. maí til 1. september 1945:

## A. Fólksbifreiðir:

- |  |              |
|--|--------------|
| 1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði .....                              | 8000 litrar. |
| 2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga-bifreiðir ..... | 4000 —       |
| 3. Leigubifreiðir, þær sem uppfylla ákveðin skilyrði .....                     | 3500 —       |

78 9. apríl	4. Einkabifreiðir:	
	a. Læknabifreiðir .....	1200 lítrar
	b. Almenn stærð, 5—6 manna .....	850 —
	c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni .....	500 —
	d. Bifhjól .....	100 —
	B. Vörubifreiðir:	
	1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri .....	4000 —
	2. Vörubifreiðir, 1½ tonn .....	3000 —
	3. Vörubifreiðir, ¾ til 1¼ tonn .....	2000 —
	4. Vörubifreiðir, smábifreiðir .....	800 —

## 2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

## 3. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

## 4. gr.

Benzínskömmunarmiðar, sem menn kunna að eiga ónotaða frá 1. skömmunartímabili ársins 1945, skulu gilda áfram á 2. skömmunartímabili 1945.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. apríl 1945.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

79  
30. apríl

## AUGLÝSING

### um skrásetningu bifreiða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, hefur dómsmálaráðherra ákveðið að gjald til ríkissjóðs fyrir skrásetningu og umskráningu bifreiða og bifhjóla skuli vera kr. 30.00. Ber eiganda að greiða hlutaðeigandi lögreglustjóra gjaldið, er skrásetning eða umskráning fer fram.

Ákvæði þessarar auglýsingar ganga í gildi 1. maí 1945.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 30. apríl 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*